

12.00  
1702058

# FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

10. febrúar 2017, Reykjavík

Til bæjarstjóra Fjallabyggðar,  
Gunnars I. Birgissonar.



**Efni:** Um fornleifar á verndarsvæðum í byggð.

Það eru ánægjuleg tíðindi að sveitarfélög víða um land hafa tekið upp á þeirri nýbreytni að koma á verndarsvæðum í byggð. Er þetta bréf sent þeim aðilum sem kunnugt er um að hyggjast vinna að tillögum um slík verndarsvæði þessi misserin.

Eitt af því sem þarf að fylgja tillögu um verndarsvæði er fornleifaskráning á svæðinu sem á að skilgreina sem verndarsvæði í byggð og uppmæling á þeim minjum sem eru innan þess. Sjálfseignarstofnunin Fornleifastofnun Íslands hefur um tveggja áratuga skeið sérhæft sig í fornleifaskráningu um allt land. Við höfum þegar unnið fornleifaskráningu fyrir tillögu um verndarsvæði í byggð á Djúpvogi og fylgir sú skýrsla með í viðhengi í tölvupósti sem hugmynd um framsetningu og efnistöð.

Við hvetjum alla til að hafa samband við okkur ef gera þarf fornleifaskráningu eða mæla upp fornleifar á því svæði sem skilgreina á sem verndarsvæði í byggð í sveitarfélaginu. Við myndum gera tilboð í slíkt verk ykkur að kostnaðarlausu.

Við viljum einnig vekja athygli á því að Fornleifastofnun hefur unnið aðalskráningu í mörgum sveitarfélögum um allt land, stórum sem smáum. Mikill ávinningur er af slíkri skráningu sem er lögbundinn hluti af aðalskipulagi sveitarfélaga. Aðalskráning fornleifa er frumforsenda allrar minjaverndar og sparar m.a. fyrirhöfn og kostnað þegar kemur að framkvæmdum eða deiliskipulagi minni reita að eiga aðalskráningu fornleifa þó að alltaf þurfi að ganga úr skugga um að engar óþekktar minjar séu á deiliskipulagssvæðum. Þar sem aðalskráning fornleifa hefur farið fram opnast möguleikar á því að nýta hana til þess að kynna þennan hluta menningarsögu hvers svæðis fyrir heimafólki og ferðamönnum.

# FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

## Um Fornleifastofnun Íslands

Fornleifastofnun Íslands er sjálfseignarstofnun með starfsemi um allt land sem byggist á því markmiði að efla vísindarannsóknir og samstarf um kynningu, fræðslu og hagnýtingu menningararfsins. Hún hefur starfað frá 1994 og er stærsta rannsóknarstofnun í fornleifafræði hér á landi. Allt frá upphafi hefur Fornleifastofnun lagt áherslu á fornleifaskráningu, bæði skráningu fornleifa úr fyrirbyggjandi heimildum sem og nýjar vettvangsrannsóknir á minjasvæðum. Stofnunin hefur á undanförunum árum verið í fararbroddi í söfnun upplýsinga um fornleifar sem og í þróun aðferðafræði á þessu sviði. Hún heldur úti *Ísleifu*, gagnagrunni um íslenskar fornleifar sem er stærsta gagnasafn sinnar tegundar hér á landi.

Á undanförunum árum hefur stofnunin lagt aukna áherslu á miðlun og útgáfu og hefur tekið þátt í hönnun sýninga, gefið út bæklinga og bækur, unnið að nýsköpun og þróun á sviði ferðaþjónustu, s.s. kynningu á nýjum áningarstsöðum fyrir minjaskoðun og loks hafa starfsmenn hennar annast og skipulagt leiðsögn og gönguferðir víða um land í samstarfi við samtök áhugafólks. Eintak af þessu bréfi verður sent í pósti og ásamt bókinni *Upp á yfirborðið* sem kom út árið 2011 og gefur hún hugmynd um þá rannsóknarvinnu sem unnin hefur verið á Fornleifastofnun Íslands síðustu árin. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni [www.instarch.is](http://www.instarch.is) og facebooksíðu stofnunarinnar ([www.facebook.com/fornleifastofnun/](https://www.facebook.com/fornleifastofnun/)).

Virðingarfyllst,



Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

[elin@instarch.is](mailto:elin@instarch.is)

Sími 551-1033